

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum við Vestmannaeyjar.**

1. gr.

Frá og með 25. júlí 1986 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem afmarkast af Heimaey og línnum sem dregnar eru um eftirgreinda punkta:

- a. 63°26'8 N og 20°28'5 V (Dalfjall)
- b. 63°29'3 N og 20°30'8 V (Prídrangar)
- c. 63°24'0 N og 20°22'2 V (Álsey)
- d. 63°24'0 N og 20°17'3 V (Stórhöfði)

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júlí 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 264 31. desember 1971, um raforku-
virki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Við gr. 1.5.3, skilyrði til A-löggildingar, bætist nýr töluliður, sem verður 5. tl., svohljóðandi:

5. hafa B-löggildingu og 10 ára starf við raforkuvirki rafveitna eða raforkuvera, þar af a. m. k. 5 ár við háspennuvirki.

Löggildingu skv. þessum lið er heimilt að takmarka við þau störf og þá stærð virkja, sem umsækjandi telst hafa kunnáttu til að annast samkvæmt skilgreiningu í leyfisbréfi.

Ágreiningu um leyfisveitingu skv. þessum lið getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðarráðherra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 7. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, staðfestist til að taka gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júlí 1986.

Albert Guðmundsson.

Halldór J. Kristjánsson.